

MIÐBORGAR PÓSTURINN

FRITT EINTAK!

Nr. 38
Ágúst 2018 - 13. árg.



BJÓÐUM GÓÐA MENNINGARNÓTT

LAUGARDAGINN 18. ÁGÚST

MENNINGARNOTT.IS



GRYFJAN VAPESHOP

www.gryfjan.is | Veltusund 1

Setning Menningarnætur 2018 og aðgengismál

Menningarnótt 2018 verður haldin 18. ágúst næstkomandi, sem er afmælisdagur Reykjavíkurborgar. Það verður mikið um dýrðir að venju, leikarar, dansarar og fjöllistafólk verða með uppkomur og íbúar bjóða víða uppá dagskrá í húsaáhrifum og sundum.

Setning Menningarnætur í ár fer fram á hinu nýja Hafnartorgi með pomp og prakt. Boðið verður upp á lifandi tónlist og gefst gestum og gangandi tækifæri til að kynna sér svæðið í kringum Hafnartorg og skoða sýningu af svæðinu þegar framkvæmdum lýkur.

Meðal atriða má nefna Toppinn þar sem efstu hæð bílastæðahússins við Hverfisgötu 20 verður umbreytt í "lounge rooftop bar". Í stað bíla verður fólk, í stað ryks verða plöntur, og í stað umferðarniðs verður dónnuð house tónlist.

Lúðrasveitir munu útkljá áratugalangan rígi í battli við Tjörnu og verður barist til síðasta tóns. Þá verða Færeyingar gestir Menningarnætur og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem færeyskir listamenn flytja tónlist.

Í miðborginni verður boðið uppá þrenna stórtónleika, Tónleika Rásar 2 á Arnarhóli, Garðpartý Bylgjunnar í Hljómskálagarðinum og Hip hop tónleikar á Ingólfstorgi. Þá eru yfir hundrað tónlistarviðburðir um alla borg. Frítt er inná öll söfn í miðborginni sem bjóða uppá fjölbreytta dagskrá fram á kvöld. Þá verður Harpa með afar glæsilega dagskrá frá kl. 13-18. Flugeldasýningin verður á sínum stað á Austurbakka kl. 23.

Á Menningarnótt er sérstök áhersla lögð á að fjölskyldan njóti samveru, komi saman í bæinn og fari heim saman. Hægt er að nálgast alla viðburði á Menningarnótt á vefnum menningarnott.is.

GÖTULOKANIR

Á Menningarnótt er miðborgin ein allsherjar göngugata og verður því lokað fyrir bílaumferð frá kl. 7 að morgni til 2 eftir miðnætti. Það er gert til þess að tryggja öryggi gangandi og akandi vegfaranda á þessum fjölsóttasta hátíðardegi ársins. Gestir Menningarnætur eru hvattir til að ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur til að komast á hátíðasvæðið. Þeir sem þurfa að koma á einkabíl er bent á að nota bílastæði við Borgartún og í Laugardalnum þar sem ókeypis strætóskutlur aka fólk til og frá hátíðarsvæðinu frá kl. 7.30-1.00. Eins og lög gera ráð fyrir verður sektað fyrir ólöglegar bílastöður og þeir bílar sem hindra aðgengi lögreglu, sjúkrahúla og slökkviliðs verða dregnir í burtu svo unnt sé að tryggja aðgengi þessara öryggisáðila ef óhapp ber að. Hægt er að nálgast kort yfir götulokanir á vefsíðu Menningarnætur eða fá upplýsingar í



símaveri Reykjavíkurborgar frá kl. 8-23 á Menningarnótt, s.411-1111.

FRÍTT Í STRÆTÓ Á MENNINGARNÓTT

Ókeypis verður í Strætó sem keyrir samkvæmt hefðbundinni leiðartöflu fram til kl. 22.30. Þá tekur við sérstök leiðartafla sem miðar að því að koma fólk hrt og örugglega heim úr miðborginni. Hægt er að finna nánari upplýsingar um leiðarkerfi þeirra vagna Strætó sem aka í miðborgina á vef

Strætó. Á Menningarnótt er boðið uppá ókeypis strætóskutlur sem aka reglulega til og frá bílastæðum við Laugardalshöll og Borgartún og að Hallgrímskirkju með viðkomu á Hlemmi. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir síðustu ár en einkunnarorð hennar eru: Leggðu fjær til að komast nær.

AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

Sérstök bílastæði fyrir fatlaða og hreyfihamlaða eru á Skúlagötu, Túngötu og við Tækniskólann. Einnig verður hægt

að taka leigubíl inn á Skólavörðuholt, Skúlagötu, Túngötu og BSÍ. Sérstök salerni fyrir fatlaða eru á nokkrum stöðum á hátíðarsvæðinu. Nánari upplýsingar eru á vef Menningarnott.is.

Útgefandi: Fjölmíðla- og hugmyndahúsið ehf.
Ritstjóri: Eiríkur Einarsson
Umbrót: Grafiker ehf.
Prentun: Landsprent
Sími: 699 77 64
Auglýsingar: midborgin@gmail.com

HJÓLA ÚTSALA FJALLAKOFANS

13.-18. ágúst

20-50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM BH REIÐHJÓLUM, FATNAÐI OG AUKAHLUTUM

Hjólafatnaður frá Löffler, DaKine, BH, Alpinestars og OneWay

20-50% afsláttur

Hjólahljálmar og hjólaskór

30% afsláttur

Aukahlutir, pedalar, slöngur, pumpur o.fl.

30-50% afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM HJÓLUM
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Í KRINGLUNNI 7 EÐA Á BIKE.IS

BH Löffler **DAKINE** SMITH **ONEWAY** **Alpinestars** **BIKE.IS**

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

**FJALLA
KOFINN**

**BJÓÐUM GÓÐA
MENNINGARNÓTT**

MENNINGARNOTT.IS



Rafhjól - framtíðin eða nútíðin

Talsvert hefur verið rætt og skrifað um rafhjól undanfarið en mikil aukning hefur verið í sölu slíkra reiðhjóla um allan heim. Til að mynda þá eru reyndin sú í Evrópu að rafhjól eru orðin um það bil helmingur af sölu dýrari reiðhjóla þ.e. af hjólum sem kosta 5000 evrur eða meira. Rafhjól eru vissulega dýrari en almenn hjól en tölfræðin er ansi athyglisverð. Þróunin hefur verið talsvert hægari hér á landi þrátt fyrir gríðarlega aukningu í áhuga landsmanna á hjólreiðum almennt. Rafhjól eru enn sem komið er mjög lítið hlutfall af seldum hjólum, hver sem ástæðan er.

Rafhjól eru bráðsnjöll tæki með mjög mikið almennt notagildi. Margir falla þó í þá gryfju að bera rafhjólín saman við önnur hjól og oft skiptast menn í tvo hópa, þá sem eru með rafhjólum í liði og svo þá sem sjá þeim allt til foráttu. Sem sagt, svart eða hvítt - með eða á móti.

Við viljum hins vegar meina að þetta þurfi ekki að vera þannig. Rafhjól hafa gríðarlega marga kosti: Þau eru frábær samgöngutæki til dæmis til hliðar við heimilisbílinn; þau er fljót í förum og notandinn getur skotist á fund á rafhjólínu talsverðar vegalengdir innanþegar án þess að svitna og jafnvel verið fljótari í förum en á bílnum.

Helsti augljósi kostur rafhjóla er auðvitað stuðningurinn sem mótorinn gefur hjólaranum. Langflest rafhjól eru með hjálparmótor sem byggir á því að notandinn verði að stíga pedala til að mótorinn virki. Hægt er að stilla hversu miklu átaki mótorinn skilar, allt frá 25% afli og



upp í 100% allt eftir því hversu mikla aðstoð hjólreiðamaðurinn vill nýta sér frá mótorinum. Drægni hjólsins í kílómetrum talið fer síðan eftir stærð og orkuinnihaldi rafhlöðunnar og hversu mikinn stuðning mótorinn er stilltur á en dæmi eru um hjól sem

komast yfir 100 km á hleðslunni. Stærsti kostur rafhjólanna er ekki síst sá að hjólreiðamaðurinn fær ferskt loft í lungun og styrkir úthald og heilsu á sama tíma.

Fjallakofinn býður upp rafhjól frá BH sem er spænskur framleiðandi sem

hefur framleitt reiðhjól óslitið frá árinu 1909. BH er með mjög breiða línu af hjólum en þeir hafa lagt sérstaka áherslu á þróun á rafhjólum og eru framarlega í þeim málum. Þú getur skoðað úrvalið á reiðhjólasiðu Fjallakofans www.bike.is og kynnt þér kosti rafhjólanna betur þar.

Tapasbarinn – sjóðheitur í 18 ár



Tapasbarinn hefur verið eitt vinsælasta veitingahús landsins frá opnun staðarins árið 2000 og er aðalsmerki staðarins ekki aðeins gómsætar veitingar heldur einnig lífandi og skemmtileg stemning.

Á Tapasbarnum getur þú smakkað fjölda gómsætra tapas-réttu, saltfisk, paellu, humar, lunda og miklu, miklu fleira. Lamb í lakkrissósu og beikonvafinn hörpuskel og döðlur er eitt- hvað sem allir verða að smakka, að ógleymdum gómsætu hvítlauksbökuðu humarhólunum sem hafa verið einn vin-sælasti réttur staðarins frá opnun.

Reykjavík Grapewine valdi á dögnum Tapasbarinn sem besta stað- inn til að heimsækja með hóp, þriðja árið í röð.

Gallerí salurinn á Tapas-barnum hentar frábærlega fyrir hópa, stóra sem smáa og býður staðurinn upp á fjölbreytt úrval hópmatseðla.

Það er alveg tilvalið að kíkja á Tapasbarinn eftir bíó eða tónleika í síðbúin kvöldverð því eldhúsið er opið til kl. 01:00 um helgar og 23:30 virka daga.

Lífandi tónlist og grill á Menningarnótt!

Tapasbarinn opnar fyrr á Menningarnótt, kl.15:00, og verður sjóðheitt grill fyrir utan staðinn.

Einnig mun hljómsveitin Azúcar, með söngkonuna Margrétu Rán í broddi fylkingar, spila sjóðheita salsa og latin tóna frá kl. 16.00 – 18.00

Það er um að gera að kíkja við á röltinu og fá suðraena stemningu í kroppinn.



„LATE DINNER“ Á TAPASBARNUM

Eldhúsið okkar er opið til **01.00** um helgar og **23.30** virka daga



Vesturgötu 3B | Sími 551 2344 | www.tapas.is



MÁLUM BÆINN GULAN á Menningarnótt

TVST1146

Frítt í Strætó á Menningarnótt

Skelltu þér í gleðina með Strætó. Þeir sem vilja fara á bíl eru hvattir til að leggja í grennd við Borgartún eða Laugardalshöll og taka þaðan Strætóskutlur til og frá miðbænum.

Ýmsar breytingar verða á leiðum Strætó vegna hátíðarinnar, kynntu þér málið á straeto.is



Handprjónasambandið selur vörur úr íslenskri ull sem framleiddar eru á Íslandi

Nú er sumri farið að halla og flestir búnir að njóta þess að eiga sumarfrí og komnir úthvildir og endurnærðir tilbaka.

Þetta sumar hafa fleiri ferðamenn heimsótt Ísland en nokkru sinni fyrr. Vonandi fara þeir heim með jákvæðar minningar um Íslandsferðina. Þó tilgangur flestra ferðamanna sem koma til Íslands sé að njóta sérstöðu íslenskrar náttúru þá er það staðreynd að flestir eyða nokkrum dögum í Reykjavík og aðallega í miðbænum það sjáum við ef við göngum um miðbæinn.

Þó ýmislegt megi betur fara þá hafa borgaryfirvöld gert heimikið til að gera miðbæ Reykjavíkur aðlaðandi fyrir ferðamenn og þá mörgu heimamenn sem gjarna vilja njóta þess sem miðborgin hefur að bjóða.

Af öðrum götum ólöstuðum þá er Skólavörðustígurinn sú gata þar sem hvað best hefur til tekist með endurbætur. Þar er líka að finna ótrúlega fjölbreytt úrval af verslunum og veitingahúsum en Hallgrímskirkja á Skólavörðuholti dregur til sín mikinn fjölda ferðamanna sem fara um götuna. Á Skólavörðustíg 19 er verslun Handprjónasambandsins sem opnuð var í nóvember 1977 og hefur því verið hluti af þessari ágætu götu í 40 ár. Handprjónasambandið er

félagsskapur handprjónafólks sem drýgir heimilistekjurnar með því að prjóna vörur úr íslenskri ull, vörurnar eru síðan seldar í versluninni á Skólavörðustíg og einnig í Borgartúni 31 en þar er verslun, lager og skrifstofa. Frá stofnun hefur slagorð Handprjónasambandsins verið „kaupið handunnar vörur af þeim sem framleiða þær“ eða á ensku; „buy directly from the people who make them“. Það slagorð hefur á síðustu árum fengið enn sterkari merkingu eftir að inn á markaðinn hafa komið „íslenskar lopapeysur“ sem eru ekki framleiddar á Íslandi heldur erlendis í ótilgreindum löndum. Ekki hafa ennþá verið innleiddar reglur hér á landi sem gera skylt að allar vörur sem boðnar eru til sölu skulu bera þess merki hvar þær eru framleiddar þ.e. með upprunavottorði.

Þó skal matvara vera upprunamerkt og við eigum ekki að geta keypt okkur kjötbita í matinn nema geta séð hvaðan hann kemur og helst frá hvaða framleiðanda. Þetta á því miður ekki við um iðnaðarvörur eins til dæmis vörurnar úr íslensku ullinni sem margir telja og trú á að sé eingöngu framleiddar á Íslandi. Undarlegt að stjórnvöld á hverjum tíma virðast ekki sýna því áhuga að stýrja við íslenska framleiðendur á þennan hátt en gera þvert á móti auðveldara og



óðýrara að láta framleiða vörur í þeim löndum þar sem verkafólk býr við léleg kjör og slæmar vinnuaðstæður. Sem betur fer eru margir fatahönnuðir og framleiðendur sem láta þess getið í hvaða landi varan er framleidd þó hönnunin sé íslensk. Það á ekki við um sumar þær lopapeysur og margar aðrar vörur úr íslenskri ull sem boðnar eru til kaups hér á landi. Viðskiptavinir hvort sem það eru Íslendingar eða erlendir ferðamenn sem hingað koma spyrja oft hvort peysurnar sem þeir hugsa sér að

kaupa séu framleiddar á Íslandi og sem betur fer láta það oft ráða úrslitum við kaupin.

Þessir sömu viðskiptavinir hafa þó ekkert annað en orð afgreiðslufólksins og slagorð félagsins því til staðfestingar að varan sé framleidd á Íslandi. Það hlýtur því að fara að koma að því að um fataiðnaðinn gildi sömu reglur og um matvælin.

Handprjónasambandið óskar borgarbúum og gestum ánægjulegrar Menningarnætur.

Eftirsótt íslensk úr

frá JS Watch co. Reykjavík

JS Úrin eru íslensk frá grunni, þau eru hönnuð á teikniborði JS hér heima og allir íhlutir sérframleiddir í sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss. Þá eru úrin sett saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmiðameistarar sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur. Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitað við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutur sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nýttjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar. Sérstaða úrana á íslenskum markaði gerir það að verkum að erlendir gestir og úrasafnarar sækjast gjarnan eftir úrunum. Það eru margir frægir sem bera úr frá JS en vitaskuld líka almenningur allur. Meðal þekktara einstaklinga má þó til gamans nefna Quentin Tarantino, Jude, Law, Viggo Mortensen, Elvis Costello, Constantine Grikklánskonung, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama og Tom Cruise. Vörulína JS Watch co. Reykjavík fer ört stækkandi og úrval úra aldrei verið meira. Nánari upplýsingar um úr og hönnun má finna á www.gilbert.is



DAGSKRÁ MENNINGARNÆTUR 2018

08:40 - 16:10

Reykjavíkurmaraðon Íslandsbanka

Reykjavíkurmaraðon Íslandsbanka fer fram í 35. sinn laugardaginn 18. ágúst 2018. Hlaupið hefst og endar í Lækjargötu. Hægt er að velja á milli fimm mismunandi vegalengda og því ættu allir aldursflokkar og getustig að finna eitthvað við sitt hæfi. Vegalengdir í boði eru: maraðon, hálfmaraþon, 10 km hlaup, 3 km skemmtiskokk og 600 m skemmtiskokk. Skráning og allar nánari upplýsingar má finna á <https://www.rmi.is/> Hlaupurum er bent á að nýta sér Strætó eða skutluþjónustu Strætó þar sem miðbærinn verður lokaður vegna hlaupsins og Menningarnætur. Sjá nánar hér: <http://menningarnott.is/> upplýsingar/samgongur

Lækjargata 12 101 Reykjavík

08:50 - 11:00

Hvatningartónleikar Toivoton Keis

Síðpónksveitin Toivoton Keis spilar kraftmikla og kjarngóða pönk og rokktonlist, bæði frumsamin og lög eftir aðra listamenn. Sveitin hefur áður spilað fyrir hlaupara Reykjavíkurmaraðonsins og bætti það meðaltímann verulega frá fyrra ári. Nú ætlar sveitin að endurtaka leikinn og skapa þar með góðar forsendur fyrir hlaupara ársins til að ná góðum tíma. Hljómsveitina skipa: Einar Pétur Heiðarsson, trommur og ásláttur. Einar Mäntylä, bassi og söngur. Ingólfur Björnsson, hljómborð. Ólafur Haraldsson, söngur og gítar. Þórður Bogason, gítar og söngur. Hvatningartónleikar Toivoton Keis á Ægissíðunni. Líf og fjör - Rokk og ról

Ægissíða 102, 107 Reykjavík



10:00 - 12:00

Fullveldismaraðon

ReykjavíkurAkademiunnar 50 fjölbreyttir örfyrirlestrar frá morgni til kvölds um fullveldið, sögu Íslands og samfélag kl. 10-12 Egill Arnarson heimsp. og ritsj: Fullt vald á fullveldinu?; Guðjón Friðriksson sagnfr: Alþýðuflokkurinn og fullveldið 1918; Gunnar Hersveinn rithöf: Þjóðgildin: fótakefli Íslendinga; Dr. Sólveig Anna Bóasd. síðfr: Fullveldi - takmarkanir og áskoranir; Dr. Steinunn Kristjánsd. fómleifafr: Fullveldisfólkið; Dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslfr: Alþingi 1918; Þorleifur Hauksun isl- og bókmenntafr: Ljóðmál á fullveldistíma; Kolbeinn Óttarsson Propé sagnfr. og alþingismaður: Sleit þjóðernisvitundin barnskónum?; Gylfi Gunnlaugsson bókmenntafr: Ísland í þýskri rómantik; Björn S. Stefánsson dr. scient: Álit fjáð í atkvæðagreiðslu; Steinunn Jóhannesd. rithöf: Fullveldisbarnið faðir minn

Sankomutjald á Klambratúni Flókagata 24 105 Reykjavík

10:00 - 22:00

Fróðildisferðalag í Safnahúsinu

Í Safnahúsinu við Hverfisgötu stendur yfir sýningin Sjónarhorn – ferðalag um íslenskan myndheim. Barnafjölskyldur geta fundið, á ferð sinni um sýninguna, ýmsa staði þar sem má leika, snerta og rannsaka. Þessir staðir eru vaktaðir af Fróðildinu, lítilli vængjaðri veru sem hvetur börn til að staldra við. Verið

velkomin í Fróðildisferðalag um Sjónarhorn í Safnahúsinu á Safnanótt.

Safnahúsið

Hverfisgata 15 101 Reykjavík



10:00 - 22:00

Prýðileg reidtygi, prufaði drifsmíði

Reynið ykkur við drifsmíði í Bogasal í smiðju fyrir gesti og gangandi. Verkefnið er skemmtilegt fyrir allan aldur og gott fyrir unga sem aldna að spreyta sig saman. Knapar lögðu upp úr því að reidtygi væru skrautleg og til prýði. Skreyttur söðull með vídeigandi búnaði var verðmæt eign. Á fyrri öldum sátu konur í kvensölli með báða fætur öðrum megin; þær riðu kvenveg. Karlar riðu klovvega í sínum söðli. Á sýningunni Prýðileg reidtygi er úrval skreyttra söðla, söðulreiða og söðuláklæða úr sameign Þjóðminjasafns Íslands.

Þjóðminjasafni Íslands Suðurgata 41, 101 Reykjavík

10:00 - 22:00

Sjónarhorn - ferðalag um íslenskan myndheim

Í Safnahúsinu er sýningin Sjónarhorn. Í sjö álmum Safnahússins eru jafn mörg sjónarhorn. Þau tengja saman ólík listaverk og áhugaverða muni, þvert á efni og tímabil. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafnsins, Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafns-háskólabókasafns og Þjóðskjalasafns Íslands. Í Safnahúsinu er áhugaverð safnbúð og kaffihúsið Julia&Julia.

Safnahúsið við Hverfisgötu Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

10:00 - 22:00

Kjörgripur - Kveisustrengur

Kveisustrengurinn er líklega hinn eini sinnar tegundar sem varðveist hefur á Íslandi. Um er að ræða skinnlengju með lesningu eða bæen gegn kveisu eða gjgt og er talið að slík bænaþöð hafi verið nokkuð algeng á sínum tíma, en þau voru gerð upptæk eða brennd í galdraofsóknum á 17. öld. Lengjan var notuð sem verndargripur og var oftast bundin utan um sjúklinginn. Kveisustrengurinn er sýndur í Kjörgriparymi Safnahússins, á palli milli 2. og 3. hæðar. Sýningin er á vegum Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns.

Safnahúsið Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

10:00 - 22:00

Fuglaratleikur - Fuglar inni og úti

Ratleikur á Þjóðminjasafni Íslands og Safnahúsinu við Hverfisgötu með viðkomu við Tjörnina. Í þessum leik eru skoðaðir fuglar inni og úti; uppstoppaðir fuglar, fuglabeinagrind, lifandi fuglar og útskornir fuglar. Ratleikinn má nálgast í móttöku Safnahússins við Hverfisgötu og Þjóðminjasafnsins á Suðurgötu. Ratleikinn þarf ekki að leysa í neinni ákveðinni röð. Ratleikinn má nálgast í móttöku Safnahússins við Hverfisgötu og Þjóðminjasafnsins á Suðurgötu. Á Íslandi eru margar tegundir

fugla. Sumir fuglar fljúga á milli landa á hverju ári til að leita sér að æti og til að verpa. Aðrir eru staðfuglar og halda sig á afmörkuðu svæði á landinu. Enn aðrir koma til lands aðeins til að verpa en halda sig á sjó þess utan.

Safnahúsið við Hverfisgötu, Tjörninn og Þjóðminjasafni Íslands á Suðurgötu Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

10:00 - 22:00

Fuglaratleikur - Fuglar inni og úti

Ratleikur á Þjóðminjasafni Íslands og Safnahúsinu við Hverfisgötu með viðkomu við Tjörnina. Í þessum leik eru skoðaðir fuglar inni og úti; uppstoppaðir fuglar, fuglabeinagrind, lifandi fuglar og útskornir fuglar. Ratleikinn þarf ekki að leysa í neinni ákveðinni röð. Ratleikinn má nálgast í móttöku Safnahússins við Hverfisgötu og Þjóðminjasafnsins á Suðurgötu. Á Íslandi eru margar tegundir fugla. Sumir fuglar fljúga á milli landa á hverju ári til að leita sér að æti og til að verpa. Aðrir eru staðfuglar og halda sig á afmörkuðu svæði á landinu. Enn aðrir koma til lands til að verpa og halda sig á sjó megnið af ævinni.

Þjóðminjasafni Íslands á Suðurgötu, Tjörninn og Safnahúsið við Hverfisgötu Suðurgata 41, 101 Reykjavík



11:00 - 11:45

Leiðsögn á ensku um grunnsýningu Þjóðminjasafns

Leiðsögn á ensku um grunnsýningu safnsins, Þjóð verður til, sem leiðir gesti um Íslandssöguna allt frá landnámi til nútímans. Á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins er leitað við að draga upp skýra og heillega mynd af menningarsögu Íslendinga. Gripir safnsins eru settir í sögulegt sambengi þar sem tekið er mið af rannsóknunum. Ýmsum aðferðum í sýningargerð er beitt til að miðla gestum fjölbreyttum menningararfi þjóðarinnar. Leiðsögnin stendur í sirka 1 klst.

Þjóðminjasafni Íslands Suðurgata 41, 101 Reykjavík



11:00 - 22:00

Að skoða ljósmyndir aðeins nánar

Að skoða ljósmyndir aðeins nánar er handbók til að nota við skoðun ljósmyndasýninga í Myndasal Þjóðminjasafnsins. Í bókinni eru spurningar sem hvetja til margvíslegrar íthugar um verkin á sýningum hverju sinni.

Þjóðminjasafni Íslands Suðurgata 41, 101 Reykjavík



12:00 - 14:00

Reykjavík GPS

Tónverkið Reykjavík GPS er eftir bræðurna Úlf og Halldór Eldjárn. Það er örvur til miðborgarinnar í Reykjavík í fortíð, nútíð og framtíð. Tónlistin er tengd við ákveðin GPS-hnit í miðbænum þannig að þú heyrir hana breytast á rölti þínu um bæinn. Hver og einn velur sér þannig leið í gegnum verkið og upplifir það og borgina á sinn hátt. Tónverkið er eins og fallið landslag, ósýnileg borg í borginni, sem bíður þess að vera könnuð. Til að njóta tónverksins þarf því að hafa nýlegan snjallsíma, heymartöl og skó. Verkið er opið og öllum aðgengilegt á slóðinni rvkgsps.com Tónlist: Úlfur Eldjárn Forritun: Halldór Eldjárn

Miðbær Reykjavíkur Frikirkjuvegur 1, 101 Reykjavík



12:00 - 14:00

Precious Plastic Reykjavík

Precious Plastic Reykjavík munu standa fyrir opinni plast endurvinnslu vinnustofu fyrir börn og fullorðna. Áhugasömum stendur til boða að endurvinna plast í nýja nýttjahluti. Unnið verður með plastpoka og annað tilfallandi plast og stefnt að framleiðslu pennaveskja og blómavasa með nokkrum einföldum skrefum. - <https://www.instagram.com/preciousplasticreykjavik/> -

Eyjarslóð 3, Grandi

Eyjarslóð 3 101 Reykjavík

12:00 - 16:20

Precious Plastic Reykjavík

Precious Plastic Reykjavík munu standa fyrir opinni plast endurvinnslu vinnustofu fyrir börn og fullorðna. Áhugasömum stendur til boða að endurvinna plast í nýja nýttjahluti. Unnið verður með plastpoka og annað tilfallandi plast og stefnt að framleiðslu pennaveskja og blómavasa með nokkrum einföldum skrefum. - <https://www.instagram.com/preciousplasticreykjavik/> -

Grandi

Eyjarslóð 3 101 Reykjavík



12:00 - 17:00

Víkingar á Austurvelli

Einherjar elsta víkingafélagið í Reykjavík og handverksfólk mun tjalda á Austurvelli,



13:00 - 22:00
HAV – Hönnunarsýning Norrænna hönnuða

Að gera fatnað úr þara og fiskroði gæti hljómað sem mikil áskorðun fyrir fátahönnði. Sýningin Blue Fashion Challenge var haldin í Færeyjum ekki alls fyrir löngu en þá komu 10 Norrænir hönnuðir saman til að keppa í hönnunarkemppi með sjálfbærni sem áherslu. Áskorunin sem hönnuðirnir standa frammi fyrir er að hanna úr staðbundnu lífrænu efni sem kemur úr sjónum; Afurðir og úrgangi frá sjávarútvegi eins og roð, þara og selskinn. Færeyski hönnuðurinn Sissal Kjartansdóttir var sigurvegari keppinnar og mun hún ásamt öðrum sýna hönnun sína í Tjarnarsal Ráðhússins á Menningarnótt.

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík



13:00 - 22:00
Ljósmyndasýning – Ólavur Frederiksen

Ólavur Frederiksen hefur verið einn þekktasti ljósmyndari Færeyinga undanfarið 15 ár. Ólavur Frederiksen hefur vakið athygli fyrir ljósmyndir sínar þar sem hann leyfir hverri og einni mynd að standa sjálfstætt og endurspegla ákveðna staði sem vekja upp sérstæðar tilfinningar. Myndir hans hafa birst í tímaritun og hefur Ólavur gefuð út ljósmyndabækur sem varpa ljósi á fallegt landslag Færeyja og menningu eyjanna. Á ljósmyndasýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur á Menningarnótt sýnir Ólavur Frederiksen glænjar ljósmyndir sem allar eru teknar í og í nágrenni við Þórshöfn í Færeyjum.

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík



13:30 - 14:00
Færeyski ungmennakórinn XPERIMENT

Færeyski ungmennakórinn XPERIMENT kórinn flytur lög um

fornsögur og valdamikla vikingahöfðingja. Ungmennakórinn er frá Þórshöfn í Færeyjum og er stjórnad af Sigríð Sivertsen sem hefur sett gamla færeyskja þjóðsöngva í nútímalegan búning. XPERIMENT hafa orð á sér fyrir liflegan flutning og er kórinn orðin mjög þekktur í Færeyjum og þá sér í lagi fyrir skemmtilegan hrynjanda og samhlóm sem gerir túlkun XPERIMENT á einkennandi tónlistarhefð færeyinga sérlega hressandi.

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík



14:00 - 14:30
List og Læti – Götuleikhús Hins Hússins

Götuleikhús Hins Hússins ásamt Baldri Dýrfjörð fjölmörgu sýna dansatriði sem leikhópurinn kóreograferaði undir leiðsögn dansarans Guðmundar Elíasar Knudsen. Búningar: Snaefriður Jóhannsdóttir. Leikstjórn: Ólafur Asgeirsson. Í sumar hafa 10 metnaðarfullir Listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru: Lágvaði, HVK RVK, Mókrókar, Elin Sif, Baldur Dýrfjörð, Rafstuð, Plexiprismi, Þráðlausar, Reykjavíkurrótt og Sumar í Reykjavík. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Fyrir utan Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5
Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík



14:00 - 14:30
Krummi krunkar í Listasafni Íslands

Menningarnótt í Listasafni Íslands. Listasafnið íðar af lífi og býður til tónleika. Barnakór Ísaksskóla syngur falleg krummalög og allir krakkar fá afhenta viðburðardagskrá Krakkaklúbbsins Krumma í Listasafni Íslands.

Listasafni Íslands
Frikirkjuvegur 7, 101 Reykjavík



14:00 - 14:30
Strengjasextett eftir Daníel Sigurðsson

Um er að ræða frumflutning á nýju verki eftir Daníel Sigurðsson sem er um það bil 15-20 mínútur að lengd, í þremur hlutum. Tónlistin er lifleg og aðgengileg og minnir svolítið á ameríska jazz-tónskáldið Gerorge Gershwin eða franska tónskáldið Maurice Ravel. Daníel hefur fengið í lið með sér nokkra eldklára hljóðfæraleikara til að frumflytja þetta verk sem hefur fengið titilinn "Enginn Tími Fyrir Svefn". Hljómsveitina skipa: Pétur Úlfarsson - Fiöla, Hjalti Nordal - Fiöla, Fidel Atlí Quintero Gasparsson - Víola, Skúli Þór Jónsson - Selló, Snorri Skúlason - Kontrabassi, Þórir Hermann - Píano

Hannesarholt
Grundarstígur 10, 101 Reykjavík

14:00 - 14:30
Spectrum í Hörpu á Menningarnótt

Sönghópurinn Spectrum flytur fjölbreytta og liflega dagskrá í Hörpuhorninu á Menningarnótt. Fluttar verða metnaðarfullar útsetningar á djasslögum og rokki, auk hefðbundnari sönglaga. Lögina koma úr smíðju bæði innlendra og erlendra tónskálda og má þar nefna Lennon og McCartney, Mugison, Hauk Tómasson, Tears for Fears og Billy Joel. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Spectrum hefur starfað í fimmtán ár og haldið fjölmarga tónleika. Síðastliðið haust tók kórinn þátt í keppninni Kórar Íslands á Stöð 2 og komst í úrslit. Þá varð hópurinn efstur í flokki blandaðra kóra í alþjóðlegu kórakeppninni Canta al Mar í Katalóníu. Stjórnandinn okkar er Ingvaldur Yr söngkona.

Harpa tónlistarhúsið
Austurbakki 2, 101 Reykjavík



14:00 - 14:45
Karalakórinn Heiðbjört

Karalakórinn Heiðbjört af sunnanverðu Snaefellsnesi leggur land undir fót og

kemur sér makindalega fyrir í garðinum að Freyjugötu 34 og syngur fyrir gesti og gangandi, klukkan 14:00. Söngskrá þeirra samanstendur að mestu af heimafengnu efni, þar sem textar og lög eru samin og útsett af kórfélögum. Öll lög eru með íslenskum textum og flutt undir styrki stjórn og fullum aga kórstjórans Hólfríðar Friðjónsdóttur.

Freyjugata 34
Freyjugata 34, 101 Reykjavík



14:00 - 14:45
Heiðrik á Heygum

Færeyjar eru gestir okkar á Menningarnótt. Heiðrik á Heygum er þekktur fyrir fallega og einstaka tónlist. Heiðrik er tónlistarmaður, listamaður og kvikmyndagerðamaður en á Menningarnótt mun hann koma fram í Ráðhúsinu og flytja tónlist sína. Hann er fæddur og uppalinn í Þórshöfn.

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

14:00 - 15:00
Leiðsögn á ensku um sýninguna Sjónarhorn

Leiðsögn á ensku um sýninguna Sjónarhorn. Sýningin er ferðalag um íslenskan myndheim fyrr og nú. Í sjö álum Safnahússins við Hverfisgötu eru jafn mörg sjónarhorn. Þau tengja saman ólík listaverk og áþugaverða muni, þvert á efni og tímabil. Sýningin er samvinnuverkefni Þjóðminjasafnsins, Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, Listasafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Náttúruminjasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands.

Safnahúsið Hverfisgötu
Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

14:00 - 15:00
Knús í boði

Í ár er 10. árið sem að Hlutverkasetur býður gestum og gangandi upp á ókeypis faðmlag eða knús. Þessu uppátæki okkar hefur verið tekið vel og viljum við hvetja alla sem eiga leið hjá að næla sér í eitt knús já eða tvö. Í boði er að fá stutt knús, langt knús, knús fyrir einn og stundum tvo og þegar vel liggur á þá dettum við jafnvel í hópknús. Nældu þér í eitt knús, það bætir, hressir og kætir.

Fyrir utan Laugaveg 25, 101 Reykjavík
Laugavegur 25, 101 Reykjavík

Café Haiti

Café Haiti flutti í Gömlu höfnina í júlí 2010, en hafði verið áður í litlu plássí á Tryggvagötu 16 í rúm tvö ár. Sá staður naut mikilla vinsælda en plássíð var orðið alltof lítið. Þegar þeim bauðst þetta húsnæði við Gömlu höfnina þá var ákveðið að láta til skarar skriða og flytja þangað og vera með í allri uppbyggingunni sem þar var og er að eiga sér stað.

„Okkar styrkur liggur í kaffinu og kann fólk mjög vel að meta kaffið sem við höfum upp á að bjóða. Upphaflega vorum við eingöngu með kaffi frá Haiti, en þegar jarðskjálftarnir dundu þar yfir var ekkert kaffi lengur að fá þaðan. En það er að breytast og erum við aftur farin að fá kaffið frá þeim. Við erum mjög ánægð með það, en við brennum allt kaffi hér á staðnum. Erum með allskonar tegundir af kaffidrykkjum. Svo getur fólk fengið hjá okkur kaffibaunir sem það fer með heim til sín og einnig malað kaffi.“ segir Elda.



„Íslendingar hafa verið duglegir að heimsækja okkur á veturnar og á sumrin bættast ferðamennirnir í hópinn. Auk þess að vera með þetta eðal kaffi, þá bjóðum við upp á bökur, kökur, vinsælar súpur og meðlæti. Við tókum síðan upp á því að vera með tónleika hérna hjá okkur á kvöldin um helgar. Er það alltaf að verða vinsælla og sé ég fram á að það verði áfram. Það eru allskonar

tónlistarfólk sem spilar hjá okkur, er þetta svölitið öðruvísi tónlist, mjög fjölbreytileg og frá ýmsum löndum.“ segir Elda.

Elda, kemur frá Haiti og er potturinn og pannan í öllu saman og hefur innleitt kaffimeninguna frá Haiti. Hún ólst upp á þeim stað þar sem kaffiræktun var aðal málið. Kom hún svo til Íslands fyrir rúmum áratug síðan.

Café Haiti opnar snemma á morgnana og er opið fram á kvöld, fer það eftir því hvað er að gerast hverju sinni, en oftar en ekki eru tónleikar á kvöldin, en það er hægt að fylgjast með dagskránni á facebook undir nafninu Café Haiti. Á Menningarnótt mun hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans stiga á stökk. Byrjar fjörið rúmlega nú um kvöldið og stendur alveg fram að miðnætti.



FASTEIGNIR Á SPÁNI

SKOÐUNARFERÐIR Í SÓLINA

Verð 45.000* kr á mann. Allt innifalið.

HVAÐ BJÓÐUM VIÐ?

1. Tökum vel á móti þér á Alicante flugvællinum
2. Gisting á glæsilegu 4 stjörnu hóteli
3. Kynnum allt um kaupferlið
4. Sýnum mismunandi hverfi
5. Skoðum eignir sem henta þér
6. Einstaklingsmiðaðar ferðir þegar þér hentar, ekki hópferð



*Gildir til 19. október



Nánari upplýsingar ☎ 6902665 Kristján
eða birna@euromarina.es



14:00 - 15:00
Æskusirkusinn - Sirkussýningin Ímbakassinn

Í Ímbakassanum mætast heimur sirkusins og kvikmyndanna, þar sem krakkarnir í Æskusirkusnum sýna listir sínar innblásnar af þeirra upphalds kvikmyndum. Frægur söguhetjur munu reyna sig við hin ótrúlegustu sirkusbrögð - getur Sherlock Holmes jugglað, eða Bleiku dómumur húllað? Pétur Pan svífur um loftið, hafmeyjan Ariel prófar nýfengna fætur og hver veit í hvaða ævintýrum hobbítarnir lenda að þessu sinni? Vetrarstarf Æskusirkusins hefur verið starfrækt frá 2012, en þar æfa börn og unglingar sirkuslistir. Sýningin er útbúin af krökkunum sjálfum í samstarfi við kennara Æskusirkusins. Sýningin Ímbakassinn var frumsýnd í maí, við lok annar, og er nú sett upp við útiáðstæður, sérstaklega fyrir Menningarnótt. Sami hópur troðfyllti sirkustjaldíð Jöklu á Menningarnótt í fyrra.

Við útiáflíð, Lækjargötu
Lækjargata 3, 101 Reykjavík



14:00 - 15:00
Á STÓRA TJALDINU: ÞJÓÐGARÐAR BANDARIKJANNA

Viltu sjá Yosemite, Yellowstone og Miklagljúfur á stóra tjaldinu? Komdu í Bíó Paradís að sjá tvær ókeypis sýningar á 45 mínútna heimildarmyndinni "National Parks Adventure," eða "Þjóðgarðaævintýri" með lýsingum Roberts Redford. Boðið verður upp á happdætti með verölaunum tengdum þjóðgöörum Bandaríkjanna, þjóðgarða ljósmyndabakgrunnar og meira að segja poppkorn fyrir alla fjölskylduna! Í boði sendiráðs Bandaríkjanna.

Bíó Paradís
Hverfisgata 54, 101 Reykjavík



14:00 - 16:00
Salsalceland býður í dans á Lækjartorgi

Salsalceland býður gestum að verða vitni að opnu dansgólfi þar sem dansað verður salsa, bachata og kizomba - vinsælustu social dansa heims í dag. Oft er talað um social dansa sem pardansa (ökynbundna) sem dansaðir eru við "social" tilfelli eins og á salsakvöldum. Við bjóðum þar að auki upp laufféttu og skemmtilega kennslu í grunnsporun þessara dansa. Kennslan er fyrir alla byrjendur og gerist á Lækjartorgi. Við dönsum einnig Rueda de Casino, kúbanskan hringdans, og gefum gestum okkar tækifæri til að sjá hvað það er sem gerir þessa dansa svona vinsæla.

Lækjartorg 1, 101 Reykjavík



14:00 - 16:00
Teymt undir börnum í tilefni sýningarinnar Þrýðileg reiðtygi

Í tilefni sýningarinnar Þrýðileg reiðtygi verður teymt undir börnum á grasflöt fyrir utan Þjóðminjasafn Íslands. Knappar lögðu upp úr því að reiðtygi væru skrautleg og til þrýði. Skreyttur söðull með videigandi búnaði var verðmæt eign. Á fyrri öldum sátu konur í kvensöðli með báða fætur öðrum megin; þær riðu kvenveg. Karlar riðu klöfvega í sínum söðli. Börn fá að setjast í hnakk eða söðul. Teymt verður stuttan hring.

Þjóðminjasafn Íslands
Suðurgata 41, 101 Reykjavík

14:00 - 16:00
Ævintýraleig bókverkasmíðja

Komdu og skapaðu þitt eigið myndræna ævintýri í spennandi bókverkagerð. Aðgengileg bókverkagerð fyrir alla fjölskylduna þar sem kennnd verða grunnhandtökin við gerð harmóníkuspættibókar og óvenjulegs origami sem opnast eins og bókverk. Bókverkið getur til dæmis innihaldið ævintýralega minningu, ævintýralegt fjársjóðskort eða dularfullar ævintýraverur frá ímyndaðri veröld sem spretta upp þegar bókin er opnuð. Allt efni í smíðuna er á staðnum. Æskilegt að börn séu í fylgd fullorönnna.

Safnahúsið
Hverfisgata 15, 101 Reykjavík



14:00 - 17:00
List og Læti - Lágvaði

Lágvaði býður ykkur velkomin í nýjan hljóðheim unninn úr verkum sumarsins. Kíkið við, hlustið og njótið andartaksins. Í sumar hafa 10 metnaðarfullir Listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Lágvaði, HVK_RVK, Mókrókar, Elin Sif, Baldur Dýrfjörð, Rafstuð, Plexiprismi, Þráðlausar, Reykjavíkurrölt og Sumar í Reykjavík. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Fyrir framan Hitt Húsið,
Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík



14:00 - 17:00
List og Læti - Sumar í Reykjavík

Sumar í Reykjavík halda ljósmyndasýningu fyrir gangandi vegfarendur. Komandi og endurupplifandi hin ýmsu augnablik frá sumrinu í Reykjavík 2018. Í sumar hafa 10 metnaðarfullir Listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Lágvaði, HVK_RVK, Mókrókar, Elin Sif, Baldur Dýrfjörð, Rafstuð, Plexiprismi, Þráðlausar, Reykjavíkurrölt og Sumar í Reykjavík. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Fyrir utan Hitt Húsið,
Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík



14:00 - 17:00
List og Læti - Rafstuð

Rafstuð verður með innsetningu sem samanstendur af handmáluðu rafmagnskassa myndunum sem þær máluðu í sumar. Í sumar hafa 10 metnaðarfullir Listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Lágvaði, HVK_RVK, Mókrókar, Elin Sif, Baldur Dýrfjörð, Rafstuð, Plexiprismi, Þráðlausar, Reykjavíkurrölt og Sumar í Reykjavík. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Fyrir utan Hitt Húsið,
Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík



14:00 - 17:00
List og Læti - Þráðlausar

Þráðlausar sína hvernig hægt er að endurvinnna textíl á litríkan og skapandi hátt. Í sumar hafa 10 metnaðarfullir Listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Lágvaði, HVK_RVK, Mókrókar, Elin Sif, Baldur Dýrfjörð, Rafstuð, Plexiprismi, Þráðlausar, Reykjavíkurrölt og Sumar í Reykjavík. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Fyrir utan Hitt Húsið,
Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík



14:00 - 17:00
List og Læti - Reykjavíkurrölt

Elisabet Rún hefur í sumar unnið að myndasögusafninu Reykjavíkurrölt og mun sýna brot af afrakstrinum fyrir utan Hitt Húsið. Einnig mun Elisabet taka þátt í manganþoni á Borgarbókasafninu Gröfninni ásamt fleiri teiknum og bæta þar einni sögu við safnið. Verið velkomin að líta við og fylgjast með. Í sumar hafa 10 metnaðarfullir Listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Lágvaði, HVK_RVK, Mókrókar, Elin Sif, Baldur Dýrfjörð, Rafstuð, Plexiprismi, Þráðlausar, Reykjavíkurrölt og Sumar í Reykjavík. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Fyrir utan Hitt Húsið,
Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík



14:00 - 17:00
Upplyfting

Kraftfélagið stendur fyrir opinni og frjálslægri keppni í bekkpressu þar sem hver keppandi fær þrjár tilraunir til að spreya sig á stönginni. Listamennirnir í Open sjá um að skapa góða stemningu. Allir velkomnir sem vilja kynna kraftlyftingum eða vilja fá útrás.

Open
Grandagardur 27, 101 Reykjavík

14:00 - 17:00
Á STÓRA TJALDINU: ÞJÓÐGARÐAR BANDARIKJANNA

Viltu sjá Yosemite, Yellowstone og Miklagljúfur á stóra tjaldinu? Komdu í Bíó Paradís að sjá tvær ókeypis sýningar á 45 mínútna heimildarmyndinni "National Parks Adventure," eða "Þjóðgarðaævintýri" með lýsingum Roberts Redford. Boðið verður upp á happdætti með verölaunum tengdum þjóðgöörum Bandaríkjanna, þjóðgarða ljósmyndabakgrunnar og meira að segja poppkorn fyrir alla fjölskylduna! Í boði sendiráðs Bandaríkjanna.

Bíó Paradís,
Hverfisgata 54, 101 Reykjavík



14:00 - 17:00
List og Læti - Erna Mist sýnir í Galleri Tukt

Erna Mist heldur sína fjórðu málverkasýningu í Galleri Tukt þar sem gengið er inn í skuggaveröld svipleysunnar. Erna hefur unnið að verkunum undanfarna mánuði. Sýningin stendur fram til 25. ágúst og er opin á onunartímum Hins Hússins.

Galleri Tukt-Hitt Húsið
Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

14:00 - 17:00
Opið hús hjá Pieta samtökunum

Pieta samtökin bjóða gestum og gangandi í heimsókn, boðið verður upp á vöfflur og kaffi, ásamt smá tónlist og kynningu á starfsemi samtakanna. Allir eru velkomnir! *Pieta samtökin bjóða upp á ókeypis viðtalsmeðferðir fyrir fólk sem glímir við sjálfsvígshugsanir og sjálfskaða, aðstandendur þeirra og þá sem hafa misst ástvini í sjálfsvigi. Samtökin eru rekin af styrkjum frá einstaklingum og opinberum aðilum.

Baldursgata 7, 101 Reykjavík



14:00 - 18:00
ORÐ hafa áhrif

